



ALLT Á EINUM STAÐ

Ólafsbraut 19 - 436 1214 - www.voot.is

JÖKULL

1088. töl - 23. árg.

9. nóvember 2023



Sýning um sjókonur á Snæfellsnesi

Síðastliðinn sunnudag var sýningin Sjókonur á Snæfellsnesi opnuð í Gestastofu Snæfellsness á Breiðabliki. Sýningin er byggð á rannsóknunum Dr. Margaret Willson mannfræðings, sem er höfundur bókar um Sjókonur á Íslandi, Seawoman of Iceland: Survival on the Edge sem kom út 2016. Í ár kom út eftir hana bók um Þuríði Einarsdóttur kvenskörungur frá Eyrarbakka sem var þekktust fyrir formennsku sína á sjó á 19. öld; Woman, captain, Rebel.

Sýningin verður opin alla daga næstu mánuði frá klukkan 10-15 og er hún á íslensku og ensku. Á nýju ári fer sýningin áfram um Snæfellsnes og áhugasamir aðilar geta haft samband við stýrihópinn, hafi þeir pláss til að setja sýninguna upp.

Margaret Willson er búsett í Seattle. Hún hefur ferðast víða um heim og rannsakað sjókonur. Margaret ólst upp í sjómannasamfélagi og hefur sjálf verið til sjós. Eftir sína fyrstu heimsókn til Íslands fékk hún sterklega á tilfinninguna að hingað væri hægt að sækja miklar upplýsingar og það gekk eftir. Margaret var auðmjúk í ræðu sinni og lagði áherslu á hversu viðkvæmt það getur verið fyrir mannfræðing að koma inn í samfélag með sögu-sköpun sem ekki er í samræmi við það sem almennt hefur verið talið



rétt. Sjómennska er almennt talin karllæg atvinnugrein og ljósi hefur hingað til lítið verið varpað á hlut kvenna í sjósókn. Margaret fékk góðar móttökur á Íslandi og var sérstaklega ánægð með að Snæfellingar hefðu tekið rannsóknir hennar lengra og fundið fleiri upplýsingar um sjókonur á Snæfellsnesi. Á opunarhátíðinni kom meðal annars fram að fjallað var um formæður nokkurra gesta á sýningunni og sumir gátu lagt enn meiri gögn í púkkið. Svæðisgarðurinn Snæfellsnes bauð upp á nokkra fundi á Snæfellsnesi með Margaret, til að veita innsýn inn í dulinn

heim íslenskra sjókvenna á liðnum öldum og fram á okkar daga. Fundirnir voru vel sóttir. Það var á Snæfellsnesi sem viðmælendur og heimildir greindu frá ótrúlegum fjölda kvenna sem sóttu sjóinn til dæmis í Drívík og á Breiðafirði. Í kjölfarið fór af stað vinnuhópur með fulltrúum sjávarbyggðanna á Snæfellsnesi, með það markmið að setja upp sérstaka sýningu um sjókonur af Snæfellsnesi. Í hópnum eru Rebekka Unnarsdóttir frá Snæfellsbæ, Hjördis Pálsdóttir frá Stykkishólmi, safnstjóri Bygðasafnsins, Ragnhildur Sigurðardóttir frá Svæðisgarðinum Snæfellsnes og Sunna Njálisdóttir, forstöðumaður Bókasafns Grundarfjarðar en hún setti saman textana upp úr rannsóknargögnum Margaret. Styrkir úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands og Styrktarsjóði EBÍ gerðu sýninguna að veruleika.

Sjávarútvegur hefur alltaf skipt íbúa Snæfellsness miklu máli og hér er rík saga og menning tengd sjómennsku, fyrr og nú. Tveir Sjóminjagarðar eru á Íslandi og þeir eru báðir í Snæfellsbæ, Sjóminjasafnið á Hellissandi og Gestastofa Snæfellsjökulsþjóðgarðs á Malarrífi eru með frábærar sýningar og áfram má telja. Fyrir nokkrum árum fékk Soroptimistaklúbbur Snæfellsness sagnamanninn Sæmund Kristjánsson í



Rífi til að taka saman texta um sjókonur á áraskipum frá Snæfellsnesi og þær sögur má lesa á sögubekk sem settur var upp í útivistarsvæðinu Tröð á Hellissandi. Rannsóknir Margaretar benda til þess að fyrir 1900 hafi allt að einn þriðji af öllum sjómönnum á Íslandi verið konur. „Það er áhugavert að heyra sögur um að konur voru mikið á sjó fram yfir aldamótin 1900. Þær voru stundum formenn á bátum og það voru meira að segja bátar sem voru einungis mannaðir konum. Margar vinnukonur gerðu það að skilyrði fyrir ráðningu að þær fengju að fara í verið. Margaret bendir á að eftir 1900 gerist eitthvað í menningunni á Íslandi sem breytir því að mun færri konur stunda sjómennsku eftir það.

Á sýningunni má finna myndir og fróðleik um nokkrar sjókonur á Snæfellsnesi og Breiðafirði og ljósi er varpað á líf þeirra.



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Hugsanleg sameining í skoðun

Mánudaginn 6. nóvember boðaði Eyja- og Miklaholtshreppur öll sveitarfélög á Snæfellsnesi ásamt Dalabyggð á fund í Laugagerði. Erindi fundarins var hugsanleg sameining þessara sveitarfélaga, það er, Eyja- og Miklaholtshrepps, Dalabyggðar, Grundarfjarðarbæjar, Snæfellsbæjar og Sveitarfélagsins Stykkishólms. Allt frá árinu 1990 hefur verið unnið að eflingu sveitarstjórnarstígsins með það að markmiði að fækka, stækka og styrkja möguleika sveitarfélaga á að vera sjálfbærar þjónustu- og rekstrareiningar. En frá árinu 1950 hefur sveitarfélögum á Íslandi fækkað um 165, úr 229 í 64. Telja stjórnvöld að heppileg stærð sveitarfélaga ráðist að miklu leyti af þeim verkefnum

sem þeim eru ætluð og er heimilt að leysa. Sérstaklega þurfi að tryggja að sveitarfélög séu nægilega öflug til þess að sinna þeim verkefnum sem þeim eru falin samkvæmt lögum, hafi til þess fjárhagslegt bolmagn og tryggi aðgengi íbúa að þeirri þjónustu sem sveitarfélaginu ber að veita. Árið 2021 voru samþykkt lög þar sem meðal annars kemur fram að svo að sveitarfélög á Íslandi verði öflug og sjálfbær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi megi ekkert sveitarfélag hafa færri en 1000 íbúa. Í Eyja- og Miklaholtshreppi búa 114 manns, 653 í Dalabyggð, 861 í Grundarfjarðarbæ, 1308 manns í Sveitarfélaginu Stykkishólmi og 1678 í Snæfellsbæ.

Á fundinum samþykktu fulltrú-



ar bæjarfélaganna að fela Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi að fara í forvinnu fyrir hönd sveitarfélaganna áður en ákvörðun yrði tekin um að skoða málið frekar.

Í byrjun árs 2022 var sameining Snæfellsbæjar og Eyja og Miklaholtshrepps felld með íbúakosningu, þá var hún samþykkt

naumlega í Snæfellsbæ en felld með 41 atkvæði gegn 20 í Eyja- og Miklaholtshreppi. Stuttu seinna þetta sama ár sameinuðust Stykkishólmur og Helgafellssveit í Sveitarfélagið Stykkishólmur með afgerandi meirihluta jákvæðra atkvæða.

SJ

131 pakki frá Snæfellsnesi

Móttöku fyrir verkefnið Jól í skókassa á Snæfellsnesi er nú lokið. Tekið var á móti skókössum í Grundarfirði, Snæfellsbæ og Stykkishólmi fimmtudaginn 2. nóvember síðastliðinn. Þetta alþjóðlega verkefni hefur verið í gangi á Íslandi frá 2004 og hefur hefð komist á söfnun slíkra gjafa víða um land. Þá taka börn og fullorðnir sig saman til að gleðja önnur börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika með því að gefa þeim jólagjafir en gjafirnar eru sendir til munaðarleysingjaheimila og barnspítala í Úkraínu. Salbjörg Nóadóttir og Anna Husgaard Andreassen sjá um verkefnið í Grundarfirði og í ár söfnuðust þar 77 pakkar. Í Stykkishólmi sjá Ásta Sólveig Hjálmarsdóttir og Kristín Rós Jóhannesdóttir um verkefnið og söfnuðust þar 41 skókassi í ár. Í Snæfellsbæ er verið að taka verkefnið aftur upp eftir nokkurra ára pásu, Sigurbjörg Jóhannesdóttir sér um móttökuna og



söfnuðust þar 13 kassar. Vonin er að verkefnið muni stækka á milli ára og að endingu ná sömu stærðargráðu og annars staðar á landinu. 131 jólagjöf fara því frá Snæfellsnesi til Úkraínu og munu þar gleðja lítil hjörtu. Í fyrra söfnuðust 5575 gjafir á landsvísu og er von á að annað eins safnist í ár. Þrátt fyrir að móttöku á landsbyggðinni sé lokið geta áhugasamir ennþá komið gjöfum til skila í Reykjavík en móttaka Jól í skókassa hjá KFUM og KFUK er opin til 11. nóvember við Holtaveg 28.

SJ



Bifreiðaverkstaði Ægis.
Rífi. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Bingó á Jaðri



Kvenfélag Ólafsvíkur hélt bingó á dvalarheimilinu Jaðri í síðustu viku í tilefni af fyrsta vetrardegi sem var 28. október. Kvenfélagskonur komu með glæsilega vinninga en meðal þeirra voru léttvinsflöskur, handklæði, konfekt og snyrtivörur. Að bingói

loknu buðu þær íbúum og gestum upp á lagturtu, heitan rétt og pönnukök sem slóu í gegn. Íbúar og starfsfólk á Jaðri þakka kvenfélagskonum kærlega fyrir komuna og hlakka til að endurtaka leika að ári.

JJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Vilt þú hafa áhrif?

Við hjá Deloitte á Snæfellsnesi leitum að öflugum og drífandi einstaklingi í spennandi og krefjandi starf bókara á sviði Viðskiptalausna. Unnið er í öflugu teymi sem að hluta til eða alfarið ber ábyrgð á reikningshaldi fyrir einn eða fleiri viðskiptavini Deloitte.

Í starfi þínu gæti hefðbundinn vinnudagur litið svona út:

- Umsjón með fjárhagsbókhalda, launavinnslu og skýrslugerð til stjórnenda
- Vinna að tilfallandi verkefnum fyrir viðskiptavini
- Stuðningur við markaðssókn og fylgjast með spennandi tækifærum
- Þátttaka í gæðaferlum

Teymið þitt hjá Deloitte:

- Samanstendur af fjölbreyttum hópi starfsfólks
- Er á ólíkum aldri og með ólík áhugamál
- Vinnur náið saman
- Styður hvert annað til að þroskast og þróast í starfi

Bakgrunnur þinn og reynsla:

- Reynsla af bókhaldi, uppgjörum og/eða launavinnslu, kostur en ekki skilyrði
- Viðurkenndur bókari, kostur en ekki skilyrði
- Góð færni í Excel
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni, jákvæðni og rík þjónustulund

Vilt þú hafa áhrif? Hjá Deloitte skiptir þitt framlag máli því saman, sem ein heild, vinnum við að því að hafa áhrif á viðskiptavini, samstarfsfélaga og samfélag. Þú færð tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttum verkefnum þvert á svið, starfsstöðvar og lönd, auka hæfni þína og færni og hefur góðan stuðning til vaxtar og þróunar í starfi.

Nánari upplýsingar um starfið veita Marinó Mortensen, yfirmaður Deloitte í Snæfellsbæ, mamortensen@deloitte.is, og Harpa Hrund Jóhannsdóttir, mannauðssviði, hjohannsdottir@deloitte.is. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Öllum umsækjendum verður svarað og farið er með umsóknir sem trúnaðarmál. Tekið er á móti umsóknum í gegnum heimasíðu Deloitte, deloitte.is, til og með **19. nóvember 2023**. Eldri umsóknar óskast endurnýjaðar.

Bréf frá Önnu á fjalirnar

Leikfélagið Lauga frumsýnir í félagsheimilinu Klifi þann 17. nóvember leikritið Bréf frá Önnu og er þetta önnur sýningin sem leikfélagið setur upp en það var stofnað á síðasta ári. Á þessu sinni fór leikfélagið í allt aðra átt í vali á sýningu en fyrsta sýning félagsins var farsinn Sex í sama rúmi og heppnaðist sú sýning mjög vel. Eins og áður segir fór félagið í allt aðra átt að þessu sinni og er Bréf frá Önnu sakamála-leikrit. Þetta er leikrit sem skemmtilegt er að fylgjast með til að komast að því hver morðinginn er. Það er líka spennandi og getur komið fólki til að hlæja. Það eru margar hendur sem koma að því að setja upp sýningu sem þessa og eru leikararnir blanda af reyndum og óreyndum leikurum. Það er Halldóra



Unnarsdóttir sem sér um að stýra verkinu að þessu sinni. Eins og áður segir er þetta verk allt öðruvísi en gert var síðast og hlakkar alla leikara, leikstjóra og þeir sem að sýningunni koma mikið til að taka á móti leikhúsgestum.

Valgreinahelgi í grunnskólanum



Helgina 3. til 5. nóvember stóð yfir valgreinahelgi hjá 8. til 10. bekk Grunnskóla Snæfellsbæjar. Þá völdu nemendur sér valgreinar úr fjölbreyttum viðfangsefnum sem þau sinntu yfir helgina. Nemendur gátu valið úr 12 valstöðvum, þar á meðal auglýsingagerð fyrir jólaútlit, bakstur og skreyting, hár og förðun, skák, quiz, crossfit, spinning, bogfimi og jóga. Breytilegt var hve margar stöðvar nemendur völdu, til að mynda stóð auglýsingagerð fyrir jólaút-

varpið yfir alla helgina og bakstur og skreyting tók heilan dag. Með valgreinahelgi sem þessari vinna nemendur upp valið fram að jóluum, þá fækkar tímum í stundatöflu í nóvember og desember en þessir mánuðir geta verið mikill álagstími fyrir alla. Mikil ánægja var með helgina, fá nemendur með þessu tækifæri til að læra eitthvað nýtt og kynna sér hluti sem hefðu annars ekki ratað inn á þeirra áhugasvið.

SJ

Getraunir 1x2
Munið félagsnúmer Víkings - 355



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímapantanir í síma 436-1111

Gott að eldast

Þróunarverkefnið Gott að eldast gengur út á samþættingu félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk í heimahúsum. Nú er það staðfest að 22 sveitarfélög og sex heilbrigðisstofnanir munu taka þátt í verkefninu. Þar á meðal er Heilbrigðisstofnun Vesturlands og þau sveitarfélög sem eru innan SSV. Snæfellsbær og Grundarfjörður eru því meðal þeirra sveitarfélaga sem taka þátt í þessu þróunarverkefni. Markmið Gott að eldast er að ná utan um þjónustu við eldra fólk með nýjum hætti og finna góðar lausnir á

samþættingu félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk. Þá er markmiðið einnig að flétta vandlega saman þá þætti sem ríkið sér um annars vegar og hins vegar sveitarfélögin. Einnig er stefnt að alhliða heilsuefingu, sveigjanlegri þjónustu og stórbættu aðgengi að ráðgjöf og upplýsingum um þjónustu fyrir eldra fólk. Vonir eru bundnar við að verkefnið tryggi eldra fólk þjónustu sem stuðlar að því að sem flestir séu þátttakendur í samfélaginu sem allra lengst, og á þeirra eigin forsendum.

JJ

Því það á að vera...

Gott 
að eldast

Afmælisráðstefna Europarc

Á dögnum tók Þjóðgarðs-
vörður Snæfellsjökulsþjóðgarðs
og átta aðrir starfsmenn frá um-
hverfisstofnun þátt í ráðstefnu
Europarc samtakanna sem haldin
var í Leeuwarden í Hollandi 3.-
6. október síðastliðinn. Europarc
eru samtök friðaðra lands-
svæða í Evrópu en markmið
samtakanna er að vera vettvangur
þar sem umsjónaraðilar frið-
lýstra svæða geta deilt faglegri
reynslu, unnið saman að tækni-
legum verkefnum og unnið að
þróun sameiginlegra markmiða.
Að samtökunum koma 100 ólík-
ir umsjónaraðilar í 40 löngum og
frá yfir 1000 friðlýstum svæðum í
Evrópu. Ráðstefnugestir tóku þátt
í fjölbreyttum vettvangsferðum,
málstofum og sátu fræðandi fyr-
irlestra. Gestum stóð einnig til
boða að vera með í svokölluðu
„market place“ þar sem stofnan-
ir og fyrirtæki fengu tækifæri á
að kynna sín friðlýstu svæði, ver-
kefni eða hugbúnaði sem geta
nýst við stýringu á verndun frið-
lýstra svæða. Umhverfisstofnun
var með sérstaka kynningu á Snæ-
fellsjökulsþjóðgarði og þeim frið-
lýstu svæðum sem eru í umsjón
stofnunarinnar. Hákon Ásgeirsson,
þjóðgarðsvörður Snæfells-
jökulsþjóðgarðs, sótti ráðstefnu-
na meðal annarra starfsmanna
umhverfisstofnunar og fengu
gestir því tækifæri til að spjalla
við starfsmenn sem fræddu gesti
um náttúru og sögu Íslands. Sam-
kvæmt Háconi fengu starfsmenn
umhverfisstofnunar fjölda verk-
færa á ráðstefnunni sem þau geta
nýtt í störf sín hérna heima. Það
sem vakti sérstaka athygli þeirra
var kynning sem snýr að sameig-
inlegum vettvangi á netinu fyrir
friðlýst svæði í Evrópu þar sem
ferðamenn og gestir geta fundið
upplýsingar um regluverk hvers
svæðis fyrir sig. Með því yrði að-
gengi að þessum reglum meira og
betra. Áhrif náttúruverndarsvæða
á lýðheilsu voru einnig rædd á
ráðstefnunni og samkvæmt Há-
coni mun þjóðgarðsmiðstöðin án
eða vinna meira með það í fram-
tíðinni. Þjóðgarðurinn getur lagt
sitt af mörkum til þess að efla
lýðheilsu í heimabyggð með því
að fræða íbúa um áhrif náttúru-
verndarsvæða á geðheilsu og al-
menna lýðheilsu. Þannig er hægt
að hvetja íbúa til þess að nýta
svæðin til betrunar.



ÁRMANN ÖRN GUÐBJÖRNSSON	DAGBJÖRT HJARTARDÓTTIR	GUBBJARTUR ÞORVARÐARSON	GUÐBJÖRN ÁSGEIRSSON	GUÐMUNDUR JENSSON	KATRÍN HJARTARDÓTTIR
LILJA ÞORVARÐARDÓTTIR	LÍSA DÖGG DAVIÐSDÓTTIR	REGÍNA ÖSP ÁSGEIRSDÓTTIR	SÓLVEIG BLÁFELD AGNARSDÓTTIR	VIKTÓRIA SIF VIÐARSDÓTTIR	

Í LEIKSTJÓRN HALLDÓRU KRISTÍNU UNNARSDÓTTUR

Bréf frá Önnu

MIÐAVERÐ 3.900 KR (POSI Á STAÐNUM)
MIÐASALA HJÁ SÓLEYJU (S. 848 1505) OG NÖNNU (S. 865 7491)

SÝNT VERÐUR
Í KLIFI KL. 20:00
Á EFTIRFARANDI
DAGSETNINGUM:
17. NÓV, 18. NÓV,
22. NÓV, 24. NÓV

Öflug blakdeild UMFG

Fyrri hluti Íslandsmóts U14 og U16 í blaki og haustmót U12 fór fram í Varmá í Mosfellsbæ helgina 27. til 29. október síðastliðinn. Blakdeild UMFG mætti með þrjú lið á haustmót U12 og þrjú lið á Íslandsmótið og er greinilegt að framtíðin er björt hjá Ungmennafélagi Grundarfjarðar. Þá voru tvö stelpulið á haustmótinu og eitt strákalíð, annað stelpuliðið lenti í 3. sæti af þeim níu sem tóku þátt og hrepptu bronsíð. Strákalíðið lenti í 3. sæti af 11 liðum, í þeirra flokki spiluðu bæði blönduð lið og pílta lið og voru veitt verðlaun í báðum flokkum svo drengirnir frá Grundarfirði fengu silfrið. Á Íslandsmóti U14 lentu UMFG stelpur í 6. sæti af 12 liðum í þeirra flokki og UMFG strákar lentu í 2. sæti af þremur



liðum. Á Íslandsmóti U16 tóku UMFG stúlku 9. sætið af þeim 13 liðum sem kepptu. Stóðu allir

keppendur sig vel á mótinu og verður seinni helmingur Íslandsmótsins spilaður á Neskaupstað í maí og munu úrslitin ráðast þar. Mikil blakmenning er í Grundarfirði og hefur verið einstaklega góð mæting á æfingar undanfarid, bæði hjá ungmennum og fullorðnum. Síðustu viku hafa allt að 26 iðkendur verið að mæta á blakæfingar á miðvikudögum en þær æfingar eru ætlaðar bæði

konum og körlum. Blakarar á öllum aldri mæta þar saman, kraftur er í hópnum og mikið af efnilegum spílurum. Helgina 10. til 12. nóvember stefnir lið 4. deildar UMFG kvenna á Ísafjörð þar sem Íslandsmót neðri deilda fer fram, annar hluti mótsins verður svo spilaður í Mosfellsbæ í janúar og loka hlutinn verður í Kópavogi í mars.

SJ



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is

er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Þétur Kristinsson hdl.
lögillit- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Tóku þátt í Íslandsmóti í skák



Íslandsmót ungmenna í skák fór fram í Miðgarði í Garðabæ síðastliðna helgi. Keppt var í fimm mismunandi flokkum sem var skipt upp eftir aldri og veitt voru verðlaun í stelpu- og strákaflokkum. Sjö umferðir voru tefldar í öllum flokkum en tímamörkin voru mismunandi eftir aldursflokkum. Alls voru 116 keppendur á mótinu og þar af fjórir frá Taflfélagi Snæfellsbæjar. Það voru þau Elma Sól Scheving, Matthías Garðarsson, Stefán Arnar Jóhannesson og Víglundur Orri Heimis-

son sem kepptu fyrir hönd félagsins og stóðu sig frábærlega. Þetta er fyrsta Íslandsmótið sem Taflfélag Snæfellsbæjar sendir keppendur á í mörg ár en segir Sigurður Scheving, formaður Taflfélagsins að hann hafi verið hræður yfir frammistöðu ungmennanna sem sýndu að þau eigi vel erindi meðal þeirra bestu í þeirra flokki. Næst á dagskrá hjá ungmennum taflfélagsins er svo Héraðsmótið í skák í barna og unglíngaflokki.

SJ

Nýr prestur í Grundarfirði




Þrjár umsóknir bárust þegar biskup Íslands auglýsti nýlega eftir sóknarpresti til þjónustu í Setbergsprestakalli í Grundarfirði. Umsóknarfrestur var til miðnættis 16. október síðastliðinn. Varð Laufey Brá Jónsdóttir fyrir valinu hjá valnefnd og hefur

staðgengill biskups nú staðfest ráðninguna. Laufey Brá er fædd í Hafnarfirði árið 1972. Hún er menntuð leikkona frá Leiklistarskóla Íslands, er með meistara-gráðu í mannauðsstjórnun, er markþjálfari og menntuð í guðfræði. Hefur hún unnið sem ráðgjafi í kvænnaatkarfinu undanfarin ár auk annarra tilfallandi verkefna. Sambúðarmaður Laufeyjar er Jón Ingi Hákonarson og eiga þau saman tvo ketti. Samkvæmt vefsíðu biskupsstofu kveðst Laufey Brá full tilhlökkunar og þakklætis.

JJ

 Jökull Bæjarblað

 steinprent@simnet.is

 436 1617



AKSTURSSTYRKIR

Akstursstyrkir til íbúa í dreifbýli

Íbúar í dreifbýli Snæfellsbæjar geta sótt árlega um sérstakan akstursstyrk til að koma til móts við kostnað vegna aksturs barna til Ólafsvíkur í íþrótt- og tómsundaiðkun.

Árlegur akstursstyrkur er kr. 30.000.-

Umsóknir skulu berast bæjarritara í tölvupósti.

Í umsókn þarf að koma fram nafn foreldris/forráðamanns, nafn barns/barna, kennitala og reikningsnúmer þar sem leggja á styrkinn inn.

Einnig þarf að fylgja vottorð/staðfesting frá þjálfara um að barnið sé skráð í íþróttir norðan heiðar.

Úthlutunarreglur vegna akstursstyrks Snæfellsbæjar til UMF Staðarsveitar má finna á vef Snæfellsbæjar undir Stjórnsýsla – Reglur og samþykktir.

Nánari upplýsingar gefur bæjarritari í síma 433-6900 eða netfangið lilja@snb.is

Neyðarkall rjúpnaskyttu

Síðastliðinn föstudaginn barst björgunarsveitinni Lífsbjörg útkallsbeiðni þegar rjúpnaskyttu hafði slasast á fæti. 8 félagar úr sveitinni fóru í útkallið með buggy bíl og sexhjól svo að hægt væri að ná til þess slasaða fyrir myrkur. Kom í ljós að viðkomandi var vel útbúinn til fjalla og líðan góð eftir atvikum. Það gekk vel að koma manningu aftur til byggða þar sem hann fékk aðhlyningu á heilsugæslu. Eins og

gefur að skilja er búnaður sem fylgir björgun sem þessari mjög kostnaðarsamur. Í síðustu viku hófst ein mikilvægasta fjáröflun björgunarsveitanna þegar sala á Neyðarkallinum byrjaði. Neyðarkallinn í ár er aðgerðarstjórnandi en hans hlutverk er stýring samskipta, samskipti við aðra viðbragðsaðila og magt fleira. Úr Lífsbjörg eru 3 fulltrúar í aðgerðarstjórn fyrir Vesturland og getum við verið stolt af því. Tvær gerð-

ir af Neyðarkallinum eru til sölu en það eru lykklakippur og stórir Neyðarkallar sem eru ætlaðir fyrir fyrirtæki. Salan í ár gekk vonum fram. Björgunarsveitin Lífsbjörg vill koma á framfæri þökkum fyrir frábærar viðtökur og minnir íbúa

á að það er ennþá hægt að nálgast Neyðarkallinn í Versluninni Kassanum.

Á myndinni má sjá Ísabellu Unu Halldórsdóttur og Hafrúnu Ævarsdóttur, aðgerðarstjóra lífsbjargar. JJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



Þrautreyndar rekstrarvörur! Allt á einum stað!



Salernispappír 500 blaða

Tveggja laga hvítur salernispappír með 500 blöðum á rúllu. Ein rúlla jafnast á við tvær og hálfu rúllu af hefðbundnum rúllum. Hagkvæmt og þægilegt.



Risa-WC

Salernispappír Júmbórúllur Stórar rúllur af salernispappír fyrir skammtara, stærri og minni gerð. Umhverfsvottað með Evrópublóminu.



Miðapurrrkur (Z- & V- brot) og rúllur

Umhverfisvottað með Evrópublóminu.



Ecodos Skömmunarbrúsar

Ecodos hreinsiefnin eru umhverfisvottuð í brúsum úr endurunnu plasti og með innbyggðum skömmunarbúnaði, *Gler- og innréttingahreinsir.* *Baðherbergishreinsir.* *Gólfþvottur.* *Fituleysir.* *Taupvottaefni.*



Taupvottaduft Voot 15kg

Öflugt þvottaduft fyrir taupvott, hentar vel fyrir vinnufatnað, sængurfatnað, handklæði o.fl.



Eldhúsrúllur Blossom

Tveggja laga hvítar eldhúsrúllur með 88 blöðum á rúllu, 28 rúllur í söluveiningu. Umhverfisvottað með Evrópublóminu.


Sterk og endingargóð hreinlætisáhöld sem þola allt að 134°C.

Áhöldin bera vottanir Evrópusambandsins, BRCGS og FDA.

Sópar og burstar



Heilsteyptar þvörur



Fiber- og álsköft

